

fréttir

STRÁKARNIR KOMU MJÖG SKEMMTILEGA FRÁ MÓTINU

— rætt við Guðmund Sigurjónsson stórmeistara

■ „Miðað við hvernig mér gekk um miðbik mótsins er ég samsíða ánægður með niðurstöðuna, mér gekk illa um mitt mót en náði góðum endaspretti, vann síðustu þrjár skákirnar,“ sagði Guðmundur Sigurjónsson stórmeistari í samtali við Tímann en hann deildi 7.-12. sæti á Reykjavíkurmótinu með ekki minni köppum en Efim Geller, Christiansen, Candler og fleirum. „En það er óhætt að segja að stórmeistararnir áttu erfið uppráttar. Strákarnir komu afskaplega skemmtilega út úr þessu móti og gamli maðurinn, Reshevsky, líka.


„Annars er Reshevsky ekki einn um það að ná slíkum árangri á gamals aldri. Skákin er dálítið óvenjuleg íþrótt og mönnum hættir afskaplega til að bera hana saman við aðrar íþróttir, en hún er til dæmis ólík þeim að þessu leyti, hvað hægt er að tefla lengi með góðum árangri. Það er alltaf verið að afskrifa menn á þeim forsendum að þeir séu orðnir of gamlir, en svo koma menn eins og Reshevsky og Smyslov, sem nú er að vinna menn sem taldir eru á besta skákaldri, og afsanna þetta. Menn, sem eru á miðjum aldri og eru að tala um að hætta, þeir hafa eiginlega enga afsökun til þess. Reynslan vegur svo geysilega þungt í skákinni.

Já, það er alveg öruggt að skákstígg þessara stráka eru lág miðað við getu þeirra,“ sagði Guðmundur. „Þeir hafa verið mjög sterkir undanfarnir ár, en hafa bara ekki fengið tækifæri á borð við það sem þeir fengu núna, nema hvað Jóhann virðist bókstaflega springa út um þessar mundir og sama

má segja um Karl Þorsteins. En um styrkleika hinna vissum við. En stigin eru of lág og það verður að skrifa á kostnað einangrunarinnar. En þetta fer kannske að breytast með fleiri alþjóðlegum mótum hérlandis.“

Guðmundur sagði að hann hefði ekki trú á að Íslendingunum gefist kostur á að tefla erlendis meira en hingað til. „Það er einfaldlega of dýrt, við njótum engra sérstakra kjara í sambandi við flug til dæmis og mótshaldarar bjóða þeim sem ódýrast er að bjóða og við erum ekki þeirra á meðal,“ sagði Guðmundur.

JGK



BESTA SKÁKIN VAR VIÐ CHANDLER

— rætt við Helga Ólafsson

■ „Ég var nokkuð vel undirbúinn fyrir Búnaðarbankamótið og stúderaði gífurlega mikið meðan á því stóð og það hefur kannske komið niður á árangrinum þar, því að ég mætti þreyttur í allar skákirnar,“ sagði Helgi Ólafsson einn þriggja sigurvegara Reykjavíkurmótsins.

„Þessi vinna hefur hins vegar skilað sér í Reykjavíkurmótinu, því að mér veitist það mjög létt. Ég lét skákina næstum alveg eiga sig meðan ég var ekki að tefla. Ég var heldur ekkert að stressa mig á því hvern ég ætti að tefla við næst, fannst þægilegt að mæta bara og tefla við þann sem ég hafði dregist gegn í hvert sinn.

„Það er náttúrulega það sem vekur mesta athygli hvað Íslendingarnir ná góðum árangri, sagði Helgi, en um árangur annarra keppenda sagði hann að menn ættu auðvitað sín góðu mót og slæmu og ekkert við því að segja, en mótið virtist sýna að íslensku keppendurnir stæðu erlendu stórmeisturunum fyllilega á sporð. Þó vektu athygli slæmur árangur sövéskra stórmeistarans Balashovs og helsta skýringin virtist sú að hann hefði misst sjálfstraustið við jafnteflið við Benóný í fyrstu umferð. Raunar væri Balashov þekktur fyrir að gera mörg jafntefli. „En menn sem eru mjög hræddir við að tapa vinna aldrei svona opin mót. Ef manni tekst að sigrast á þeim ótta eru manni allir vegir færir. Missir óttatilfinningarinnar er mjög mikilvægur fyrir skákmennt.“

„Besta skákin mín í Reykjavíkurmótinu var tvímálalaust skákin við Chandler,“ sagði Helgi, „og ég er líka mjög ánægður með skákina við Jóhann Hjartarson, hún var nokkurn veginn án mistaka af minni hálfu. Nei, ég var ekki sérstaklega búinn undir að mæta þessari



byrjun Jóhanns þótt ég byggist við að hann notaði hana. Ég var hins vegar á þeirri skoðun að sálfræðilega stæði hann veikt með því að beita þessari byrjun, þegar staða hans á mótinu var höfð í huga. „Hann sagði að þessi skák væri auðvitað innlegg í skákteóríuna varðandi afbrigðið en hafa yrði í huga að Jóhanni hefðu staðið til boða ýmsar aðrar leiðir en urðu ofan á og hugsanlega betri.

Helgi sagðist telja að allir Íslendingarnir í toppsætunum yrðu komnir með um 25000 skákstígg við næsta útreikning, en mótið virtist sýna að skákstígg þeirra allra væru of lág. „Það er svona einhvers konar öflug verðbólga í skákstígunum hjá okkur.“

-JGK



■ Úthlutunarnefnd listamannalauna á blaðamannafundinum í gær. F.v. Magnús Þórðarson, Gunnar Stefánsson, Bessi Jóhannsdóttir, sr. Bolli Gústafsson, Jón R. Hjálmarsson og Soffía Guðmundsdóttir. —Tímamynd Árni Sæberg.

Úthlutun listamannalauna fyrir árið 1984 lokið:

128 LISTAMENN HLUTU NÁÐ FYRIR AUGUM NEFNDARINNAR

■ Listamannalaunum fyrir árið 1984 hefur verið úthlutað og var niðurstaðan kynnt á blaðamannafundi í gær. Eins og fyrri daginn kvörtuðu nefndarmenn yfir því að fjárveitingavaldið skammtaði naumt til þessara hluta og því hefði orðið að útiloka ýmsa sem vel hefðu verið að listamannalaunum komnir. Það kom annars fram hjá nefndarmönnum að listamannalaun væru ekki réttnefni fyrir þessa úthlutun, því engan veginn væri stætt á að kalla þessar fjárveitingar laun, fremur væri um viðurkenningarvott að ræða, listamönnum væri gefið til kynna að eftir framlagi þeirra á hinum ýmsu sviðum lista væri tekið. Listamenn í efra flokki fá nú kr. 20.000 og í neðra flokki 10.000 og eru launin ekki skattfrjálsl. Nefndin ákvað að í neðra flokki skyldi algerlega skipt um þannig að enginn sem úthlutun fékk í þeim flokki fyrir ári fái hana nú.

Sú hefð hefur hins vegar komist á að enginn sem komist hefur upp í efri flokkinn falli þaðan út. Fimm listamenn bætast nú nýir í þann flokk, Helgi Sæmundsson skáld, Herdís Þorvaldsdóttir leikkona, Kristinn Hallsson óperusöngvari, Svava Jakobsdóttir rithöfundur og Ragnar Kjartansson myndhöggvari. 92 eru í efra flokki og 36 í neðra flokki.

Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með að menntamálaráðherra skyldi hafa skipað nefnd til að endurskoða reglur um listamannalaun og kváðust vænta mikils af starfi nefndarinnar. Úthlutunarnefndina skipa nú Bolli Gústafsson sóknarprestur sem er formaður, Jón R. Hjálmarsson ritari, Bessi Jóhannsdóttir sagnfræðingur, Gunnar Stefánsson bókmenntafræðingur, Halldór Blöndal alþingismaður, Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri og Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari, en hún kom inn í nefndina í stað Sverris Hólmarssonar menntaskólakennara.

-JGK.

Þau hlutu listamannalaun í ár:

20.000 krónur

■ Agnar Þórðarson, Alfréd Flóki, Atli Heimir Sveinsson, Ágúst Petersen, Ármann Kr. Einarsson, Árni Björnsson, Árni Kristjánsson, Benedikt Gunnarsson, Bragi Ásgeirsson, Bragi Sigurjónsson, Einar Bragi, Einar Hákonarson, Eiríkur Smith, Eyþór Stefánsson, Gísli Halldórsson, Gísli Magnússon, Gísli Sigurðsson, Gréta Sigfúsdóttir, Guðbergur Bergsson, Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur L. Friðfinnsson, Guðmundur Frimann, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Guðrún A. Simonar, Gunnar Dal, Gunnar Eyjólfsson, Gunnar M. Magnúss, Halldór Helgason, Hannes Sigfússon, Heiðrekur Guðmundsson, Helgi Sæmundsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Hringur Jóhannesson, Ingimar Erlendur Sigurðsson, Jakobína Sigurðardóttir, Jóhann Hjálmarsson, Jóhannes Geir, Jóhannes Helgi, Jóhannes Jóhannesson, Jón Ásgeirsson, Jón Björnsson, Jón Dan, Jón Óskar, Jón Þórarinnsson, Jón úr Vör, Jónas Arnason, Jónas Guðmundsson, Jónunn Viðar, Karen Agnete Þórarinnsson, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Kristinn Hallsson, Kristinn Rey, Kristján Albertsson, Kristján Davíðsson, Kristján frá Djúpálæk, Leifur Þórarinnsson, Manuela Wiesler, Oddur Björnsson, Ólöf Pálsdóttir, Óskar Adalsteinn, Pétur Friðrik, Ragnar Kjartansson, Ragnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnfinnsson, Rúrik Haraldsson, Rögnvaldur Sigurjónsson, Sigfús

Daðason, Sigfús Halldórsson, Sigurður A. Magnússon, Sigurður Sigurðsson, Skúli Halldórsson, Stefán Hörður Grimsson, Stefán Júlíusson, Steinþór Sigurðsson, Svava Jakobsdóttir, Sveinn Björnsson, Sverrir Haraldsson, Thor Vilhjálmsson, Tryggvi Emilsson, Valtýr Pétursson, Veturliði Gunnarsson, Vésteinn Lúðvíksson, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorkell Sigurbjörnsson, Þorsteinn frá Hamri, Þorsteinn Ö. Stephensen, Þuríður Pálsdóttir, Örlygur Sigurðsson.

10.000 krónur

Anna Guðný Guðmundsdóttir, Anna Júlíana Sveinsdóttir, Ásgerður Ester Búadóttir, Áskell Másson, Birgir Svan Simonarson, Egill Eðvarðsson, Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli, Elías B. Halldórsson, Elisabet Þorgeirsdóttir, Guðmundur Halldórsson frá Bergsstöðum, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Gunnar Kvaran, Halsteinn Sigurðsson, Helgi Vilberg, Hrólfur Sigurðsson, Indriði Úlfsson, Ingibjörg Haraldsdóttir, Ingunn Eydal, Jónas Ingimundarson, Jónas Kristjánsson, Kristinn Sigmundsson, Kristín Jóhannesdóttir, Leifur Breiðfjörð, Líný Jóhannesdóttir, Messiana Tómasdóttir, Omar Halldórsson, Roar Kvam, Selma Kaldalóns, Sigrún Guðjónsdóttir, Sigurður Ágústsson frá Birtingaholti, Sigurður Róbertsson, Steingrímur Stefán Thómas Sigurðsson, Steinunn Sigurðardóttir, Þorvaldur Steingrímsson, Þóra Jónsdóttir.

Námskeið í safnaðarstarfi

■ Námskeið fyrir þá sem hafa hug á að sinna safnaðarstarfi, hvort heldur í hlutastarfi eða sjálfboðavinnu, hófst í Safnaðarheimili Bústaðakirkju í gær. Námskeiðið er á vegum Reykjavíkurprófastdæmis og hafa þær Unnur Halldórsdóttir, séra Agnès Sigurðardóttir og séra Solveig Lára Guðmundsdóttir annast undirbúninginn.

Námskeiðið stendur í 10 kvöld, mánu-

daga og þriðjudaga, og lýkur 27. mars. Meðal fyrirlesara eru séra Ólafur Skúlason, vígslubiskup, dr. Björn Björnsson, prófessor, séra Lárus Halldórsson, Þórir Guðbergsson ellimálafulltrúi, dr. Sigurbjörn Einarsson fyrrverandi biskup Íslands, og dr. Sigurjón Björnsson prófessor. Fyrirlestrarir fjalla annars vegar um hinar ýmsu hliðar safnaðarstarfsins með sérstöku tilliti til ungmenna og

aldradra, en hins vegar um kristnar trúarkenningar, m.a. kristinn mannskilning og spurningar um dauðann.

Þetta er annað námskeiðið sem haldið er á vegum Reykjavíkurprófastdæmis, þar sem ellí mál eru sérstaklega á dagskrá en stór hvati að öllu ellímála-starfinu hafa verið gjafir Gísla Sigurbjörnssonar og Elliheimilisins Grundar í þessum tilgangi.

-GSH.